

Fundargerð



Fundarritari Margrét H. Hallsd.	Fundardags. 08.04.25	Fundartími 12-14	Fund boðaði Þorkell V. Þorsteinsson	Dags fundarrit. 10.04.25
Fundarmenn: Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir, Bryndís K. Williams Þráinsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson, Þorkell V. Þorsteinsson, Kristján Bjarni Halldórsson, Sara Níelsdóttir, Fannar Orri Pétursson				
Fjarverandi: Guðrún Ottósdóttir, Íris Helma Ómarsdóttir				

Dagskrá:

1. Kjör formanns skólanefndar
2. Skólahald vorannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
3. Mín framtíð og Euroskills
4. Húsnæðismál
5. Fjármál
6. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	Álfhildur Leifsdóttir kjörin formaður skólanefndar.	
2.	Kristján, aðstoðarskólameistari fór yfir nemendatölur. Nemendur eru alls 804 á vorönn 2025. Þorkell, skólameistari fór yfir breytingar á mannahaldi á vorönn og fyrirséðum breytingum næsta haust en þá munu Ingileif skólameistari og Þorkell aðstoðarskólameistari láta af störfum. Við skólann starfa 73 starfsmenn í 58,6 stöðugildum.	

Fundargerð



3.	Kristján, aðstoðarskólameistari sagði frá Mín framtíð og Euroskills. Mín framtíð og Íslandsmót iðn- og verkgreina fór fram í Laugardalshöll dagana 13.-15.mars síðastliðinn. Skólinn átti þrjá fulltrúa. Janus Æsir keppti í húsasmíði og varð í 2.sæti. Trausti Ingólfsson og Sindri Þór Guðmundsson kepptu í suðu. Trausti varð í 2.sæti og Sindri Þór í 4.sæti.	
4.	Þorkell, skólameistari sagði frá breytingum á Kirkjutorgi 1. Búið er að taka allt húsnæðið í gegn að innan og nú stendur til að klæða húsið að utan. Beðið er eftir leyfum.	
5.	Þorkell, skólameistari sagði frá uppgjöri vegna ársins 2024. Rekstrarkostnaður alls er 1.353.333.859, sértekjur eru 127.749.228, gjöld umfram sértekjur eru samtals 1.225.584.631, framlag ríkissjóðs er 1.218.815.686. Halli ársins 2024 er -6.768.945. Fjárfestingarfjárveiting í árslok 2024 eru -2.282.129.	
6.	Fannar Orri sagði frá því að nemendafélagið stefnir á að sýna Rocky Horror í Hofi á Akureyri þann 9. og 10.maí næstkomandi.	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Fundargerð vistuð og geymd á sarpinum.